

Ár 2009, fimmtudaginn 12. nóvember 2009, er fundur haldinn í Úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Mætt eru: Guðjón Ólafur Jónsson, formaður, Geir Arnar Marelsson, Grétar Grétarsson, Guðlaug Brynja Ólafsdóttir og Hildigunnur Hafsteinsdóttir.

Fyrir er tekið **mál nr. 47/2009**:

**M**  
**gegn**  
**fjármálafyrirtækinu F**

og kveðinn upp svohljóðandi

## **ú r s k u r ð u r :**

### **I.**

#### **Málsmeðferð.**

Málsaðilar eru M, hér eftir nefndur sóknaraðili, annars vegar, og F, hér eftir nefnt varnaraðili, hins vegar.

Málið barst úrskurðarnefnd 8. september 2009 með kvörtun sóknaraðila, dagsettri 7. september 2009. Með bréfi nefndarinnar, dagsettu 8. september 2009, var kvörtunin send varnaraðila og honum gefinn kostur á að tjá sig um hana og skýra sjónarmið sín. Athugasemdir varnaraðila bárust með bréfi hans, dagsettu 23. september 2009. Var bréfið sent sóknaraðila með bréfi nefndarinnar, dagsettu 25. ágúst (sic) 2009, og honum gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum sínum. Erindið var ítrekað með rafpósti nefndarinnar 14. október 2009. Athugasemdir sóknaraðila bárust með rafpósti hans 17. október 2009.

Málið var tekið fyrir á fundum nefndarinnar 6. og 12. nóvember 2009.

### **II.**

#### **Málsatvik.**

Sóknaraðili kveðst hafa verið eigandi 58.000 hluta í varnaraðila og hafi hann selt 30.000 þeirra 2. október 2008. Kveðst hann hafa viljað selja alla hlutina en starfsmaður varnaraðila hafa blekkt sig til að halda afganginum. Kveðst sóknaraðili 2. eða 3. október 2008 mjög lengi hafa reynt að ná sambandi við verðbréfamíðlara hjá varnaraðila til að selja bréf sín, en þar hafi ekki verið svarað.

Málinu var skotið til úrskurðarnefndarinnar með kvörtun, dagsettri 7. september 2009.

### **III.**

#### **Umkvörtunarefni.**

Sóknaraðili krefst þess að söluréttur á 28.000 hlutum í varnaraðila verði viðurkenndur.

Sóknaraðili kveður nafngreindan sölumann hlutabréfa hjá varnaraðila hafa beitt blekkingum til að koma í veg fyrir sölu hlutabréfa sóknaraðila þó hann hafi vitað að mikil áhætta fylgdi því að eiga bréfin, auk þess sem fyrirvarsmenn varnaraðila væru að flytja fé sitt í öruggt skjól.

#### IV.

##### **Athugasemdir varnaraðila.**

Varnaraðili krefst þess aðallega að máli þessu verði vísað frá úrskurðarnefndinni, en til vara að kröfum sóknaraðila verði hafnað.

Varnaraðili styður aðalkröfu sína þeim rökum að honum hafi ekki borist erindi frá sóknaraðila vegna ætlaðra blekkinga starfsmanns varnaraðila eða rétt hans til sölu á tilteknum hlutabréfum fyrr en með bréfi úrskurðarnefndarinnar. Sé því ekki uppfyllt það skilyrði 5. gr. samþykkt fyrir úrskurðarnefndina um málsmeðferð fyrir nefndinni að fjármálafyrirtæki hafi áður hafnað kröfu viðskiptamanns eða ekki hafi tekist sátt innan fjögurra vikna frá því að viðskiptamaður lagði málið fyrir fjármálafyrirtæki. Þá kveður varnaraðili kröfugerð sóknaraðila óskýra og rökstuðning óljósan og verði því að vísa málinu frá á grundvelli e-liðar 6. gr. áðurnefndra samþykkt.

Áhrærandi varakröfu sína vísar varnaraðili til þess að Fjármálaeftirlitið hafi þann 6. október 2008 ákveðið að stöðva tímabundið viðskipti með alla fjármálagerninga útgefnum af varnaraðila. Þá hafi stofnunin yfirtekið vald hluthafafundar varnaraðila 9. október 2008. Frá 6.-9. október 2008 hafi ekki verið hægt að eiga viðskipti með hlutabréf í varnaraðila. Hafi sóknaraðili því ekki getað selt bréf sín 8. október 2008, sem sé sá dagur sem sóknaraðili virðist eiga við, og verði því að hafna kröfu hans.

#### VI.

##### **Niðurstaða.**

Sóknaraðili krefst í máli þessu viðurkenningar á ætluðum sölurétti sínum á hlutum í varnaraðila. Samkvæmt 5. gr. samþykkt fyrir úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki, dagsettra 8. júní 2000, er það skilyrði fyrir meðferð úrskurðarnefndar að fjármálafyrirtæki hafi hafnað kröfu viðskiptamanns eða ekki hafi tekist að leysa málið með sátt innan fjögurra vikna frá því að viðskiptamaður lagði málið fyrir fjármálafyrirtæki. Sóknaraðili hefur ekki beint áðurgreindri kröfu sinni að varnaraðila. Verður þá þegar af þeirri ástæðu ekki hjá því komist að vísa máli þessu frá úrskurðarnefndinni. Þarf þá ekki að fjalla um máltilbúnað sóknaraðila að öðru leyti.

##### **Ú r s k u r ð a r o r ð:**

Máli sóknaraðila, M, á hendur varnaraðila, F, er vísað frá úrskurðarnefndinni.

Reykjavík, 12. nóvember 2009.